



Aðgerðaáætlun Kópavogsbæjar

VEGNA VIÐHALDS VIÐURKENNINGAR SEM BARNVÆNT SVEITARFÉLAG

VEGNA ENDURNÝJUNAR VIÐURKENNINGAR SEM VERÐUR MAÍ 2024

Samþykkt í bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann XX.XX.XXXX



KÓPAVOGSBÆR

Efnisyfirlit

Barnvæn sveitarfélög	4
Innleiðingarferli Barnvænna sveitarfélaga	4
Samantekt í stöðumati	6
Aðgerðaáætlun Kópavogsbæjar (gildir til loka maí 2024)	7
1. Fræðsla	7
2. Snemmtæk íhlutun í leikskóla	8
3. Okkar skóli	10
4. Tómtundaþátttaka barna af erlendum uppruna	12
5. Hverfisbundnar forvarnaráætlanir	13
6. Barnaþing og skólaþing	14
7. Réttindaskólar	16
8. Stafræn borgaravitund	17
9. Betra aðgengi að upplýsingum um stuðning fyrir börn og fjölskyldur í Kópavogi	19
10. Könnun á viðhorfum fatlaðra barna og foreldra þeirra til þjónustu sveitarfélagsins	20
11. Umferðaröryggi barna	22
12. Aukin þátttaka barna í skipulagsmálum	23
Samantekt	25

Barnvæn sveitarfélög

Barnvæn sveitarfélög er verkefni sem styður sveitarfélög við að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í alla sína stjórnsýslu og starfsemi. Verkefnið byggir á alþjóðlegu verkefni Unicef sem kallast Child Friendly Cities Initiative og hefur verið innleitt í hundruðum borga frá árinu 1996. Verkefnið hefur verið innleitt hér á landi undir nafninu Barnvæn sveitarfélög frá árinu 2016.

Barnvænt sveitarfélag skuldbindur sig til þess að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og vinna markvisst eftir hugmyndafræði verkefnisins sem byggir á þekkingu á réttindum barna, því sem er barninu fyrir bestu, jafnræði og að horft sé til réttinda allra barna og þátttöku barna. Saman skapa þessir þættir barnvæna nálgun á málefni sveitarfélagsins.

Innleiðingarferli Barnvænna sveitarfélaga



Verkefnið Barnvæn sveitarfélög er innleitt í átta skrefum sem hvert um sig styður við réttindi barna innan sveitarfélagsins.

1. Staðfesting

Fyrsta skrefið er staðfesting en þá er tekin þverpólitísk ákvörðun um innleiðingu verkefnisins í sveitarstjórn. Það er gert til þess að skapa samstöðu innan sveitarfélagsins og skipa verkefninu tryggan sess til lengri tíma.

2. Stöðumat

Stöðumatið er umfangsmesta skref ferlisins en tilgangurinn með því er að meta stöðu réttinda barna innan sveitarfélagsins. Stöðumatið felur í sér mikla gagnaöflun. Þá er tölfræðigögnum safnað, leiðbeinandi spurningalistum svarað, spurningakannanir eru lagðar fyrir börn og fullorðna, barnaþing er haldið og viðtöl eru tekin við sérfræðihópa barna.

3. Fræðsla

Stöðumatið gefur til kynna hversu mikillar fræðslu er þörf innan sveitarfélagsins og út frá því er ákveðið hvernig er best að hátta henni. Tryggja þarf að börn og fullorðnir þekki réttindi barna og geti sett þau í samhengi við daglegt líf og störf innan sveitarfélagsins. Viðhalda þarf fræðslunni og því þarf hún að vera regluleg.

4. Aðgerðaáætlun

Fjórða skrefið er að útbúa aðgerðaáætlun en hún skal byggja á gögnunum úr stöðumatinu. Mikilvægt er að aðgerðaáætlunin miði að bæði langtíma og skammtíma markmiðum þar sem það er mikilvægt að börn finni strax fyrir áhrifum af verkefninu.

5. Framkvæmd

Eftir að aðgerðaáætlun hefur verið samþykkt af bæði Unicef og sveitarstjórn er kominn tími til að framkvæma aðgerðirnar sem í henni eru. Gott getur verið að miða við að framkvæmdin taki u.þ.b. eitt ár. Skipaður er ábyrgðaraðili fyrir hverri aðgerð í áætluninni sem ber ábyrgð á að koma aðgerðinni í framkvæmd innan fyrirfram skilgreinds tímaramma.

6. Skýrsla

Umsjónarmaður verkefnisins ásamt stýrihópi og ungmennaráði skila skýrslu til Unicef um framgang verkefnisins. Í skýrslu umsjónarmanns og stýrihóps er lögð áhersla á að útskýra hvernig gekk að framkvæma aðgerðirnar í aðgerðaáætlun en skýrsla ungmennaráðsins fjallar aðallega um þau verkefni sem ráðið hefur unnið í tengslum við innleiðinguna ásamt því að taka fram hvaða breytingum börn í sveitarfélaginu hafa fundið fyrir á innleiðingartímanum.

7. Mat og viðurkenning

Að fyrstu sex skrefunum loknum er komið að úttekt á verkefninu. Unicef framkvæmir úttektina og ef Unicef metur sem svo að verkefnið hafi verið réttindum barna til framdráttar innan sveitarfélagsins og ef aðgerðir aðgerðaáætlunar hafa verið framkvæmdar fær sveitarfélagið viðurkenningu sem Barnvænt sveitarfélag.

8. Ný markmið og endurmat

Viðurkenning Barnvæns sveitarfélags gildir í þrjú ár frá því að hún er veitt. Því þarf sveitarfélagið að setja sér ný markmið og hefja nýtt stöðumat fljótlega eftir að viðurkenning er í höfn, ætli það sér að hljóta endurmat að þremur árum liðnum. Þá þarf sveitarfélagið að fara í gegnum innleiðingarferlið að nýju og ef vel gengur hlýtur það nýja viðurkenningu.

Samantekt í stöðumati

Hér líkur umfjöllun um umfangsmikið stöðumat Kópavogsbæjar þar sem reynt er að rýna mál frá mismunandi sjónarhornum. Ljóst er að ýmislegt hefur áunnist í fyrsta hring bæjarins sem Barnvænt sveitarfélag. Enn er þó af nógu að taka í samstarfi okkar um að virða réttindi barna samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Líta þarf á barnahópin sem heild og fagna góðum árangri og líðan fjölmargra barna sem eru að standa sig vel og eru alveg til fyrirmyndar í námi, íþróttum og félagsstörfum á sama tíma og muna þarf eftir jaðarhópum þar sem eru börn sem þurfa sérstaka aðstoð og umhyggju.

Verkefnið Barnvænt sveitarfélag er viðvarandi en með takmarkaðar auðlindir bæði í mannafla og fé þarf að forgangsraða og ekki hægt að ráðast á alla veikleika á sama tíma þótt mikilvægt sé að gera sér grein fyrir því hvar veikleikarnir liggja. Þá breytist samfélagið stöðugt og nýjar áskoranir koma upp sem þarf að taka mið af.

Við gerð aðgerðaáætlunar eru ýmis verkefni sem verður ráðist í en auk þeirra sem þar koma fram þarf að bæta kynningar á nefndum og ráðum innan skólanna, t.d. kynningu á ungmennaráði og verður því komið á framfæri við rétta aðila. Þá þarf stöðugt að efla þekkingu á réttindum barna og gerum við ráð fyrir að með auknum fjölda Réttindaskóla náum við að auka þekkinguna til muna auk þess sem fræðslufni frá Unicef - Akademia muni gagnast vel.

Í viðhorfsskönnuninni kom fram almenn ánægja með skólana og skólalóð en hugmyndum barnanna varðandi endurbætur verður komið til stjórnnenda viðeigandi sviða og til allra grunnskólanna.

Eitt af því sem Kópavogsbær hefur ekki undirbúið er „Barnvænt hagsmunamat“ (Child impact assessment). Við vitum þó að þetta er mikilvægt verkfæri og stefnum á að þróa það í þriðja hring verkefnisins Barnvænt sveitarfélag. Kópavogsbær er að vinna með verkefnið lýðheilsumat sem nýtist líka börnum og getur vonandi gefið okkur reynslu sem við getum byggt á þegar við hefjum þróun á Barnvænu hagsmunamati.

Almennt er mikilvægt að leggja áherslu á gagnkvæma virðingu, sleppa ljótu orðunum og vinna saman í að byggja upp jákvætt og sterkt samfélag þar sem allir geta fengið tækifæri til að blómstra á sínum forsendum. Þetta verður haft að leiðarljósi við gerð aðgerðaáætlunarinnar sem jafnframt mun styðjast við niðurstöður stöðumats.

Aðgerðaáætlun Kópavogsbæjar (gildir til loka maí 2024)

Hér að neðan verður gerð grein fyrir þeim aðgerðum sem Kópavogsbær hefur valið að setja í forgang í aðgerðaáætlun til Unicef með það að markmiði að viðhalda stöðu sinni sem Barnvænt sveitarfélag. Núverandi viðurkenning Unicef gildir til maí 2024.

Aðgerðaáætlunin byggir á niðurstöðum stöðumats innan bæjarins og öðrum upplýsingum um stöðu barna í Kópavogi. Aðgerðaáætlun þessi er samtvinnuð aðgerðaáætlunum allra sviða bæjarins og því veltengd við starf sveitarfélagsins sem heild. Ábyrgðaraðilar eru tilgreindir fyrir hverja aðgerð en þeir bera ábyrgð á að aðgerðinni verði komið til framkvæmda og lokið í maí 2024 ellegar verði gerð grein fyrir því hvers vegna ekki hafi náðst að ljúka aðgerðinni eins og áætlað var. Sviðin hafa gert ráð fyrir verkefnunum í fjárhagsáætlunum sínum.

Allar aðgerðirnar eru tengdar við greinar Barnasáttmálans eins og við á auk þess að tengja við heimsmarkmiðin.

1. Fræðsla



Til að tryggja réttindi barna samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (SÞ) þarf að vera til staðar grunnþekking á Barnasáttmálanum meðal barna, þeirra sem vinna með börnum, meðal annars til að leiðbeina hvernig mögulegt sé að vinna samkvæmt Barnasáttmálanum þannig að réttindi allra barna séu tryggð.

Markmið aðgerðar:

Að fjölga í hópi starfsfólks og barna sem þekkja til réttinda barna samkvæmt Barnasáttmála SÞ.

Tenging við stöðumat:

Svör við leiðbeinandi spurningarlistum gefa tilefni til að ætla að gott væri að auka fræðslu um Barnasáttmála og réttindi barna. Samkvæmt starfsmannakönnun sem gerð var í október 2022 segjast um 26% starfsfólks ekki hafa fengið fræðslu um réttindi barna. Þó skal hafa í huga að svörun var ekki nema 11% í könnuninni.

Ábyrgð:

Mannauðsdeild Kópavogsbæjar gagnvart starfsfólki / Réttindaskólar gagnvart börnum.

Lýsing:

Unicef hefur framléitt fjölbreytt kennsluefni fyrir sveitarfélögin og sett fram væntingar um lágmarksviðmið þátttöku starfsfólks Kópavogsbæjar á mismunandi

fræðslupökkum. Kópavogsbær kann að meta að hafa aðgang að því faglega og vel gerða efni sem Unicef hefur unnið. Bærinn lýsir þó yfir áhyggjum að erfitt verði að standa undir þeim væntingum sem fram koma hjá Unicef varðandi réttindafræðslu innan sveitarfélagsins. Kópavogsbær fylgir persónuverndarlögum og hefur ekki heimild til að gefa upplýsingar um netföng starfsfólks og því er ekki mögulegt að framkvæma fræðsluna með þeim hætti sem Unicef lagði fyrst upp með.

Stefnt er að því að fræðslupakkar Unicef fari í gegnum fræðslutorg Kópavogsbæjar. Þannig getur mannauðsdeild Kópavogsbæjar hvatt til þátttöku í fræðslunni og haldið utan um tölfræði sem segir til um hversu stór hluti starfsfólks hefur setið þá fræðslu sem ætlast er til. Verið er að vinna í því að gera þetta kleift.

Tímarammi/mælikvarði:

Að Unicef fræðslupakkar séu orðnir aðgengilegir í fræðslukerfi Kópavogsbæjar og fræðsla hafin þar. Þegar efnið er komið inn í fræðslukerfi bæjarins er hægt að hefjast handa við fræðsluna. Bærinn mun leggja sig fram um að deilda fræðslupökkunum til markhópa en árið 2023 verður reynsluár þannig að hægt verði að setja fram frekari markmiðasetningu.

Mögulegar áskoranir:

Eins og fram kemur hér að ofan hefur Kópavogsbær áhyggjur af því að ekki sé unnt að verða við kröfum Unicef um lágmarkspáttöku. Bærinn hefur um 3.000 starfsmenn og ekki allir hafa tölvur svo dæmi sé tekið. Kapp verður þó lagt á að koma fræðslunni til sem flestra starfsmanna.

Styður við heimsmarkmið:



2. Snemmtæk íhlutun í leikskóla



Þessi aðgerð styður við 2., 3. og 28. grein Barnasáttmálans. Lögð verður áhersla á að gera það sem við teljum börnum fyrir bestu með snemmtækri íhlutun í máli og læsi; að hvert barn, óháð bakgrunni, fái íhlutun og kennslu við hæfi. Unnið verður eftir hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun með áherslu á hámarksárangur allra barna hvað varðar mál og læsi og styrkja þannig læsishæfni sem er ein af grunnstoðum menntunar barns.

Markmið aðgerðar:

Að efla málþroska allra barna og veita þeim börnum sem þurfa snemmtækan stuðning aðstoð til að þau nái góðum tókum á íslensku. Góður málþroski er undirstaða náms.

Tenging við stöðumat:

Þessi aðgerð tengist rannsóknum er varða mikilvægi lesskilnings allra barna og niðurstöðum PISA rannsóknar sem metur lesskilning barna á Íslandi meðal annars í samanburði við önnur OECD lönd.

Tilvísunum til talmeinafræðinga og sálfræðinga hefur fjölgað á liðnum árum. Niðurstöður Milli mála prófs sýna að börn með íslensku sem annað mál ná ekki að fylgja jafnöldrum sínum og því brýnt að leggja áherslu á snemmtæka íhlutun gagnvart þessum börnum.

Ábyrgð:

Aðgerð er á ábyrgð leikskóladeildar menntasviðs Kópavogsbæjar.

Lýsing:

Hugtakið „Snemmtæk íhlutun“ er notað í starfi með öllum börnum sem þurfa aðstoð, sama hvert móðurmál þess er. Samkvæmt könnunum PISA, sem meta meðal annars lesskilning barna, er rými til að bæta lesskilning íslenskra barna, en hann hefur verið heldur undir meðaltali OECD landa¹. Heldur hefur fjölgað í nemendahópi sem ekki teljast hafa grunnhæfni í lesskilningi. Samkvæmt mælaborði Skólagáttar Menntamálastofnunar eru 14,5% íslenskra barna í fyrsta árgangi með lesframmistöðu undir viðmiðum². Mikilvægt er því að bregðast fyrir við og undirbúa börnin strax á leikskólaaldri. Góður almennur málþroski er undirstaða alls náms, barn með góðan málþroska hefur góðan orðaforða og hugtakaskilning en góður málþroski er forsenda fyrir árangri í námi og mikilvægt að efla hann frá fyrstu stundu. Góður orðaforði er einn af grundvallarþáttum lesskilnings og mikilvæg undirstaða alls náms. Því meiri orðaforði, þeim mun betri lesskilningur. Stofnaður verður vinnuhópur til að skoða hvernig hægt er að efla læsi í víðum skilningi. Gerð verða drög að heildstæðri læsisstefnu til næstu 5 ára.

Markmið verkefnisins er að auka þekkingu, bæta verklag og valdefla kennara og þannig fækka tilvísunum til sérfræðinga. Stefnt er á að allir leikskólar Kópavogsbæjar útbúi handbækur um innleiðingu vinnubragða snemmtækrar íhlutunar og veitir leikskólaráðgjafi stuðning og aðstoðar við gerð handbóka. Handbók hvers skóla styður við kennara til að nýta sér hagnýtar hugmyndir snemmtækrar íhlutunar hvað varðar málþroska og læsi í vinnu með leikskólabörnum. Með notkun þeirra er öllum börnum sem þurfa tryggð snemmtæk íhlutun.

¹ https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa_2018_helstu_island.pdf (Sótt 4.október 2022)

² <https://skolagatt.is/g%C3%B6gn/landi%C3%B0/lesfimi/?term=2021-22> (sótt 3.október 2022)

Lestur er undirstaða alls náms og forsenda jafnra tækifæra til virkrar þátttöku í samfélaginu. Lögð verður áhersla á uppbyggingu þekkingar, leikni og hæfni leikskólabarna til að lesa, skilja, túlka og færa hugsanir í talað og ritað mál. Læsi vísar hér einnig til læsis á umhverfi, hegðunar, siðferðis, réttinda, ábyrgðar, og aðstæðna. Stuðningur foreldra við uppbyggingu læsishæfni er mikilvægur og tryggja þarf stuðning með fjölbreyttum leiðum.

Tímarammi/mælikvarði:

Drög að heildstæðri læsisstefnu barna og handbækur tilbúna og birtar á heimasíðum leikskóla. Markmiðið er að allir leikskólar Kópavogs hafi lokið við gerð handbóka um snemmtæka íhlutun fyrir marslok 2024. Tíu leikskólar hafa nú þegar lokið við gerð handbóka sinna.

Mögulegar áskoranir:

Að ekki náist að klára handbækur vegna álags og anna í leikskólum. Að innleiðing snemmtækra íhlutunar gangi ekki sem skyldi vegna stöðugrar nýliðunar í starfsmannahópum leikskóla og mikilla forfalla vegna veikinda.

Styður við heimsmarkmið:



3. Okkar skóli



Aðgerðin er til þess fallinn að auka þekkingu barna á réttindum sínum og að þau hafi frelsi til að koma með hugmyndir til umræðu. Verkefninu er ætlað að hjálpa þeim að efla lýðræðislega færni og að virða skoðanir annarra barna. Verkefnið er ekki síður mikilvægt til að minna þá á sem starfa með börnum að virða skoðanir þeirra.

Markmið aðgerðar:

Efla lýðræðislega virkni barna í mótun og þróun eigin skólaumhverfis með því að gefa nemendum í leik- og grunnskólum ákvörðunarrétt um hvernig þau vilja nýta ákveðna fjárupphæð árlega til að bæta aðbúnað í skólunum.

Tenging við stöðumat:

Samkvæmt samtölum við rýnihópa leikskólabarna vilja börn fá að hafa meiri áhrif og hér er verið að veita svigrúm fyrir þau að velja hvað þau vilja gera inni á leikskólunum eða leikskólalóðum. Þá kemur fram áhugi grunnskólabarna í 5.-10. bekk á að vinna endurbætur inni í skólunum, en þetta verkefni er til þess fallið að þau geti ákveðið hvernig best sé að gera skólaumhverfið sitt betra og meira

„kósí“. Þá getur þessi aðgerð verið til þess fallin að uppfylla eitthvað af óskum og væntingum sem koma fram á skólapingum og Barnapingi.

Ábyrgð:

Aðgerð á ábyrgð leikskóladeildar og grunnskóladeildar menntasviðs.

Lýsing:

Verkefnið felur í sér að móta verklag fyrir lýðræðisverkefnið „Okkar skóli“ og innleiða það í öllum leik- og grunnskólum Kópavogs. Stefnt er að því að meta framkvæmdina í kjölfarið.

Markviss uppbygging þekkingar, hæfni og viðhorfa styrkir getu barna til að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðisþjóðfélagi. Með ástundun lýðræðis í öllu námi eflist félagsfærni og börn læra að hlusta og bera virðingu fyrir ólíkum skoðunum og móta sínar eigin. Sérstaklega verði hugað að mótun leiða til að hlusta á raddir barna og þau hvött til áhrifa og ábyrgðar um málefni sem varða þeirra eigið líf, nám og mótun samfélags.

Verkefnið „Okkar skóli“ er aðgerð til að efla lýðræðislega virkni barna og ungmenna með því að gefa þeim tækifæri til að móta og þróa eigin skólaumhverfi. Hver skóli fær fjármagn sem börnin ráðstafa sjálf. Þar með fá börnin ákvörðunarrétt um hvernig þau vilja nýta árlega fjárhæð til að bæta aðstöðu í skólanum.

Í fyrsta fasa er gert ráð fyrir að upphæð til skóla verði 1.000 krónur á hvert barn skráð í skólann. Framkvæmdaáætlun er unnin í hverjum skóla, hún þarf að fela í sér að öll börn og ungmenni frá fjögurra ára aldri verði virkjuð til þátttöku og hafi tækifæri til að koma með tillögur. Jafnframt að unnið verði úr tillögum á lýðræðislegan hátt með aðkomu allra barna.

Tímarammi/mælikvarði:

Að allir leik- og grunnskólar hafi ráðstafað úthlutuðu fé til síns skóla með þeim hætti sem börnin sjálf ákveða í fyrsta skipti við lok skólaárs 2022-2023. Eftir það er verkefnið árlegur viðburður í skólastarfi.

Mögulegar áskoranir:

Að öll börn og ungmenni upplifi að þau hafi verið þátttakendur og hafi haft áhrif.

Styður við heimsmarkmið:



4. Tómsundapátttaka barna af erlendum uppruna



Aðgerðin tengist 2. grein Barnasáttmálans sem kveður á um að öll börn eigi að njóta réttinda Barnasáttmálans. Henni er ætlað að stuðla að því að öll börn hafi sömu tækifæri til þátttöku í samfélaginu, á sama tíma og borin er virðing fyrir ólíkum bakgrunni og menningu barna.

Markmið aðgerðar:

Að virkja og hvetja börn með annað móðurmál en íslensku til að taka þátt í tómsundastarfi. Mótað verður verklag til að virkja börn og fjölskyldur þeirra til að verða virkir þátttakendur í íslensku samfélagi. Haft verður samráð og samtal við bæði foreldra og börn við gerð verklags. Til að skoða þátttöku barna í tómsundastarfi verður notast við mælikvarða í gegnum þátttökutölur, skoða hlutfall á nýtingu frístundastyrks á meðal barna sem hafa annað móðurmál en íslensku. Stefnt er á rýnihópaviðtöl við börn til að ná fram þeirra upplifun og sýn og að leggja fyrir viðhorfskannanir á meðal bæði barna og foreldra í upphafi og lok verkefnis.

Tenging við stöðumat:

Samkvæmt mælingum bæjarins þá nýta börn með annað móðurmál en íslensku ekki frístundastyrki til jafns við börn með íslensku að móðurmáli. Þessi tölfræðimæling er enn ekki í mælaborðinu sjálfu en bærinn fær upplýsingarnar í gegnum Sportabler. Jöfnuður til heilsu ein af grunnforsendum í stefnum bæjarins.

Ábyrgð:

Aðgerð er á forræði menntasviðs og velferðarsviðs.

Lýsing:

Samfélagsþátttaka krefst þekkingar og skilnings á ólíkum menningarheimum og umburðarlyndi og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Mikilvægt er að ná til fjölskyldna barna með annað móðurmál en íslensku til að börn af erlendum uppruna standi jafnfætis öðrum börnum í íslensku samfélagi. Verkefninu er ætlað að auka þátttöku barna af erlendum uppruna í tómsundastarfi. Gert er ráð fyrir að setja af stað átak til að fá fleiri börn af erlendum uppruna til þátttöku. Byrjað verður á því að finna þann skóla þar sem minnst þátttaka er meðal nemenda af erlendum uppruna í nýtingu frístundastyrkja. Lagt er upp með að búa til teymi í samvinnu við umsjónaraðila „Vertu með“ verkefnisins, sem hefur að markmiði að efla þátttöku barna og ungmenna í tómsundastarfi.

Mótað verður verklag sem hægt er að nýta til framtíðar til að virkja börn í tómsundastarfi. Tryggja þarf að upplýsingar um framboð á íþrótt- og tómsundastarfi standi erlendum foreldrum til boða og að þeim gefist kostur á aðstoð við að skrá börnin sín í tómsundir sé þess óskað.

Tímarammi/mælikvarði:

Fyrir árslok 2023 verði tilbúið verklag.

Mögulegar áskoranir:

Að ná til foreldra því íslenskur menningarheimur er oft á tíðum mjög ólíkur þeim menningarheimi sem foreldrar barna af erlendum uppruna koma frá.

Styður við heimsmarkmið:



5. Hverfisbundnar forvarnaráætlanir



Stjórnvöldum ber að tryggja að öll börn eigi rétt á því að lifa og þroskast og vera örugg í sínu umhverfi. Þessi aðgerð styður því vel við 6. grein Barnasáttmálans.

Markmið aðgerðar:

Að móta og innleiða forvarnaráætlanir í öllum hverfum Kópavogsbæjar til að efla heilbrigði og vellíðan barna í hverfum bæjarins.

Tenging við stöðumat:

Hér er bæði um að ræða framhald af aðgerð 11 úr fyrstu aðgerðaáætlun og hefur tengingu við mælaborð barna og niðurstöður Barnþings.

Ábyrgð:

Aðgerð er á forræði grunnskóladeildar og frístundadeildar menntasviðs.

Lýsing:

Þessi aðgerð er framhald af aðgerð 11 úr síðustu aðgerðaáætlun. Síðan þá hafa orðið til forvarnarteymi samanber þingsályktun 37/150³ um forvarnir gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi og áreitni. Forvarnarteymi eiga samkvæmt því að vera skipuð í öllum grunnskólum með aðkomu frístunda- og félagsmiðstöðva.

Stefnt er að mótun hverfisbundinna forvarnaráætlana og samfelldri nálgun í fræðslu milli leik- og grunnskóla og tónlistarskóla, frístunda og íþróttar. Áhersla verður á forvarnir gegn einelti, ofbeldi og mismunun af ýmsu tagi og stuðning til

³ <https://www.althingi.is/altext/152/s/0016.html>

foreldra barna með hegðunarerfiðleika eða andlega vanlíðan. Stuðst verður við kafla 7.8 í Aðalnámskrá grunnskóla⁴ við útfærslu forvarnaráætlunar. Öflugar forvarnir og heilsuefling í bernsku auka líkur á heilbrigði og vellíðan til framtíðar. Áhersla verður lögð á heilsueflingu og forvarnir með það að markmiði að styrkja getu barna til að takast á við tilfinningar sínar, sporna við áhættuhegðun og byggja upp þrautseigju og sjálfshjálpi.

Tímarammi/mælikvarði:

Hverfisbundnar forvarnaráætlanir verði tilbúnar fyrir árslok 2024, en vinnan er komin af stað við gerð viðmiða forvarnaráætlana fyrir skóla- og frístundastarfs og þau tilbúin fyrir árslok 2023. Horft verði til þess að þróa þau viðmið enn frekar í átt að hverfabundum forvarnaráætlun og þau tilbúin fyrir árslok 2024.

Mögulegar áskoranir:

Verkefnið er viðtækt og tafir geta orðið á vinnunni þar sem margir þurfa að koma að starfinu þannig að raddir allra fái að heyrast.

Styður við heimsmarkmið:



6. Barnaþing og skólaþing



Barnaþing, að undangengnum skólaþingum, er eitt af mikilvægustu leiðum okkar til að tryggja að börn, en ekki síður

fullorðnir, læri að þekkja réttinda barna, frelsi þeirra til að deila hugmyndum og nauðsyn þess að fullorðir virði skoðanir þeirra. Þessi aðgerð styður vel við 12., 13. og 42. grein Barnasáttmálans. Jafnframt er þetta leið Kópavogsbæjar til að gera réttindi barna að veruleika og að leggja sig fram um að tryggja að öll börn geti tekið þátt, sem styður við 2. og 4. grein Barnasáttmálans.

Markmið:

Markmið verkefnisins er að í öllum grunnskólum Kópavogs séu haldin skólaþing með nemendum á öllum stigum skólans þar sem málefni sem snúa að börnum og velferð þeirra eru rædd. Árlega er svo haldið Barnaþing þar sem saman koma nemendur allra skólanna og ræða niðurstöður skólaþinga.

⁴<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f7d55056-989c-11e7-941c-005056bc4d74>

Tenging við stöðumat:

Hér er um að ræða grundvallar réttindi barna til þátttöku í samfélaginu en í framtíðarsýn Kópavogsbæjar er jafnframt lögð áhersla á samráð við íbúa. Niðurstöður leiðbeinandi spurningalista sýna jafnframt að Kópavogsbær getur gert enn betur í að kalla eftir hugmyndum barna. Skólaþing og Barnaþing eru hentug leið til formlegs samráðs við börnin.

Ábyrgð:

Aðgerð á ábyrgð grunnskóla- og frístundadeildar menntasviðs en unnin í samstarfi við stjórnsýslusvið.

Lýsing:

Skólaþing hafa verið haldin undanfarin ár í öllum grunnskólum Kópavogs og voru síðustu þingin undirbúin og haldin í árslok 2021. Barnaþingið var svo haldið í mars 2022 í framhaldi af skólaþingunum en þar lagði hver skóli fram tillögur sem voru til umræðu á Barnaþingi. Tveir til þrír fulltrúar nemenda hvers skóla mættu og drógu saman tillögur sínar til að leggja fyrir bæjarstjórn sem var gert vorið 2022. Í þessum aðgerðahring verða skólaþing áfram undirbúin en í hverjum skóla eru teymi starfsmanna sem styðja við börnin eftir þörfum. Þessir starfsmenn koma frá grunnskóla, félagsmiðstöð og frístund. Skólaþingin verða haldin öðru hvoru megin við áramót 2022-23 og í framhaldinu verður efnt til nýs Barnaþings 2023. Stór hluti mála sem rædd eru á skólaþingum eru skólamiðuð. Það er þó opið fyrir aðra umræðu og mögulega gæti starfsfólk hvatt til samtals um almenna starfsemi bæjarins hafi börnin áhuga á því. Mögulega mun þátttaka fulltrúa ungmennaráðs inn í skólaþingin geta styrkt víðari umræður

Barnaþing er verkefni í þróun og á árinu 2023 verða áfram skoðaðar nýjar leiðir á framkvæmd Barnaþings. Mikilvægt er að hafa í huga að til að ná röddum og sjónarmiðum sem flestra barna þá þarf að fara margvíslegar leiðir. Horft verði til þess við þróun á Barnaþingi að hafa slembiúrtak barna úr hverjum skóla. Með þessari aðferð væri jafnvel betur hægt að koma í veg fyrir að rödd ákveðins hóps barna verði sterkari en önnur. Þátttakendur innan hópsins eigi jafna möguleika, og geti betur endurspeglad þarfir og viðhorf barna um þær tillögur sem skólaþingin skila af sér. Þá mætti skoða hvort hægt sé að bjóða rafræna þátttöku á Barnaþingi sem myndi mögulega auðvelda þátttöku allra barna og jafnvel elsta stigs leikskóla, til dæmis að taka þátt í gegnum spjaldtölvur skólanna. Þetta gæti opnað fyrir þann möguleika að fleiri kjósi um þær tillögur sem ræddar verða áfram á sameiginlegu Barnaþingi.

Ungmennaráð Kópavogsbæjar hélt árið 2022 ungmennaðing, eins og undanfarin ár, og útbjuggu sínar tillögur. Árið 2023 er gert ráð fyrir að Ungmennaráðið sitji líka Barnaþingið og að sameiginlegar tillögur komi frá þessum hópi til bæjarstjórnar.

Tímarammi/mælikvarði:

Skólaþingum á að ljúka fyrir 31. janúar 2023 og Barnaþing eru haldin árlega, stefnt á að það sé í marsmánuði.

Mögulegar áskoranir:

Áskoranir fyrir næsta Barnaþing er að huga betur að því að ná til barna í 1.- 4. bekk, sem og barna sem hafa annað móðurmál en íslensku og til fatlaðra barna. Stefnt er að því að vinna í nánara samstarfi við barnaráð frístunda og fá þannig rödd barna á yngsta stigi. Einnig er horft til þess að hafa samhliða Barnaþingi rýnihópaviðtöl, þar sem lögð verður áhersla á að fá sjónarmið og umræður frá ákveðnum jaðarhópi barna eins og gert var í fyrsta hring Kópavogs sem Barnvæns sveitarfélags. Varðandi fræðslu og undirbúning fyrir starfsfólk skóla og frístunda verður stefnt að því að halda því áfram, en starfsfólk sem kemur með börnunum á Barnaþing verði ætlað að sækja sérstakt námskeið til að viðvera þeirra nýtist á sem bestan hátt á Barnaþinginu.

Styður við heimsmarkmið:



7. Réttindaskólar⁵



Að innleiða Réttindaskóla styður vel við 12. og 13. grein Barnasáttmálans sem hvetur til þátttöku, hugmyndasköpunar, umburðalýndis og virðingu fyrir fjölbreytileikanum en líka að styrkja börn í að standa vörð um eigin réttindi. Verkefnið styður líka við 4. greinina um að börn fái að njóta réttinda sinna sem eykur líkur á að þeim líði vel og taki út heilbrigðan þroska (6. greinin). Þetta er ekki tæmandi listi.

Markmið:

Að fjölga í hópi Unicef vottaðra Réttindaskóla (leikskólar, grunnskólar, frístund, félagsmiðstöðva).

Tenging við stöðumat:

Hér er um að ræða grundvallar réttindi barna til þátttöku í þróun skólaumhverfis síns sem jafnframt tengist niðurstöðum leiðbeinandi spurningalista.

⁵ Hér er átt við leikskóla, grunnskóla, frístund og félagsmiðstöðvar.

Ábyrgð:

Ábyrgð verkefnisins er á menntasviði í leik-, grunn-, félagsmiðstöð og frístundadeild.

Lýsing:

Í samstarfi við Unicef mun Kópavogsbær fjölga í hópi Réttindaskóla. Tveir grunnskólar ásamt frístund og félagsmiðstöð er kominn með viðurkenningu sem Réttindaskóli. Fjórir grunnskólar hafa þegar undirritað samkomulag við Unicef og eru að hefja innleiðingarvinnuna.

Þá hafa fimm leikskólar í Kópavogi orðið Réttindaskólar og eru þeir fyrstu leikskólar í landinu og í heiminum til að verða Réttindaskólar. Stefnt er að því að fimm aðrir leikskólar hefji vinnu við að verða Réttindaskólar í janúar 2023.

Tímarammi/mælikvarði:

Fyrir árslok 2023 er stefnt á að fjórir grunnskólar verði orðnir Réttindaskólar og að fimm nýir leikskólar hafi hafið innleiðingarvinnuna.

Mögulegar áskoranir:

Að það takist að breyta vinnubrögðum og viðhorfum meðal starfsmanna og að börn upplifi að innleiðing Réttindaskóla hafi haft í för með sér breytingar sem bætir líðan þeirra og þátttöku í starfi innan skólana.

Styður við heimsmarkmið:



8. Stafræn borgaravitund^{6,7}



Mikilvægt er að leiðbeina börnum að fóta sig í hinum stafræna heimi. Aðgerðinni er ætlað að styðja við ábyrga notkun á upplýsingatækni. Að börn þekki helstu reglur um örugg samskipti á stafrænum miðlum og búi sig undir virka þátttöku í nærsamfélagi og alþjóðasamfélagi og nýti upplýsingatækni til framdráttar og

⁶ <https://sites.google.com/snjallheimar.is/stafræn-borgaravitund/heim>

⁷ OHCHR | General comment No. 25 (2021) on children's rights in relation to the digital environment

jákvæðrar þróunar. Aðgerðin styður því við fjölda greina Barnasáttmála meðal annars 17. greinina um aðgengi að upplýsingum en líka 19. greinina um vernd gegn ofbeldi og þá sérstaklega ofbeldi gegnum rafræna miðla.

Markmið:

Að viðmiðunarnámskrá, með tengingum við réttindi barna og Barnasáttmálann, um stafræna borgaravitund fyrir grunnskóla og frístundastarf sé tilbúin fyrir árslok 2023 auk áætlunar um innleiðingu hennar.

Tenging við stöðumat:

Samkvæmt mælaborði barna fá milli 30 og 40% barna andstyggileg eða særandi skilaboð frá öðrum í gegnum rafræna miðla. Mikilvægt er að ræða umgengni við rafræna miðla og að til verði viðmiðunarnámskrá í stafrænni borgaravitund.

Ábyrgð:

Aðgerð er á ábyrgð verkefnastjóra í upplýsingatækni á grunnskóladeild menntasviðs.

Lýsing⁸:

Stofnað verði námskrárteymi undir stjórn verkefnastjóra í upplýsingatækni sem vinnur drög að viðmiðum í nánú samstarfi við starfsfólk skóla. Í námskrárteymi sitja tveir fulltrúar frá hverjum skóla sem taka þátt í lærdómshópi um stafræna borgarvitund ásamt leiðbeinendum frá Háskóla Íslands, SAFT⁹ (Samfélag, fjölskylda og tækni) og grunnskóladeild menntasviðs. Námskrárteymið vinnur drög að viðmiðunarnámskrá fyrir grunnskóla Kópavogs og áætlun um innleiðingu. Mikilvægt er að námskráin styðji kennara til að veita hverjum nemanda heilstæða sýn og þjálfun í vinnubrögðum. Jafnframt að nemendur þekki leiðir að öruggum netsamskiptum og góðu siðferði.

Tímarammi/mælikvarði:

Drög að viðmiðunarnámskrá og innleiðingu hennar verði tilbúin fyrir árslok 2023.

Mögulegar áskoranir:

Að ná til allra kennara svo þeir verði tilbúnir til að taka að sér kennslu í stafrænni borgarvitund og tileinki sér hugtakið.

Styður við heimsmarkmið:



⁸ In our own words- young peoples version of GC25.pdf (5rightsfoundation.com)

⁹ <https://www.saft.is/>

9. Betra aðgengi að upplýsingum um stuðning fyrir börn og fjölskyldur í Kópavogi



Þessi aðgerð styður við nokkrar greinar Barna-sáttmálans. 12. og 13. grein þar sem ný gagnvirk heimasíða, sem er í undirbúningi, getur auðveldað börnum að leita aðstoðar án þess að fara fyrst í gegnum foreldra og forráðamenn. Þetta er nokkurskonar framhald af aðgerð 8 í fyrri aðgerðaáætlun Kópavogsbæjar. Tengja má aðgerðina við greinar 3, 6, 18, og 23 í sáttmálanum, eins og rakið er í lýsingu hér að neðan.

Markmið aðgerðar:

Að tryggja gott aðgengi barna, foreldra og annarra að upplýsingum og fræðslu um þann fjölbreytta stuðning sem bærinn veitir börnum og fjölskyldum þvert á stofnanir og svið auk upplýsinga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna með gerð nýrrar gagnvirkar heimasíðu.

Tenging við stöðumat:

Til þess að markmið laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna ná fram að ganga verður að setja þessa aðgerð í forgang.

Ábyrgð:

Aðgerðin er samstarfsverkefni mennta- og velferðarsviðs og heyrir undir Fléttuna – farsæld barna sem skipar vinnuhóp sem hefur það að verkefni að undirbúa nýju heimasíðuna. Leitað verður til fagaðila varðandi hönnun og framsetningu upplýsinga á vefnum.

Lýsing:

Kópavogur ætlar að tryggja aðgengi barna, foreldra og annarra að upplýsingum og fræðslu um þann fjölbreytta stuðning sem bærinn veitir börnum og fjölskyldum þvert á stofnanir og svið auk upplýsinga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna með gerð nýrrar gagnvirkar heimasíðu. Síðan verður sett þannig upp að börn geti með aðgengilegum hætti nálgast upplýsingar um tengiliði í sínu nærumhverfi sem geta haft milligöngu um samþættingu þjónustu við börnin og tryggt að sú þjónusta sem þeim er veitt mæti þörfum þeirra. Markmiðin með því að gera upplýsingarnar aðgengilegar á síðunni snúa að því að sem flest börn og fjölskyldur hafi greiðan aðgang að þjónustu sem tekur mið af því sem er börnunum fyrir bestu og stuðlar að því að þau geti búið við þroskavænlegar uppeldisáðstæður sem tengist 6. grein Barnasáttmálans. Einnig mun aðgengi að upplýsingunum styðja við það markmið að tryggt sé að foreldrar sem bera ábyrgð á uppeldi barna sinna fái þann stuðning sem þau þurfa í uppeldishlutverkinu sem

tengist 18. grein Barnasáttmálans. Hugað verður sérstaklega að því að fötluð börn og fjölskyldur þeirra hafi gott aðgengi að upplýsingum um þann stuðning sem boðið er uppá sem miðar að því að ryðja úr vegi hindrunum og stuðla að fullri þátttöku fatlaðra barna í samfélaginu til jafns við önnur börn sem tengist 23. grein sáttmálans. Síðan mun ekki síður gagnast starfsmönnum bæjarins sem starfa með börnum og fjölskyldum og ber að fylgjast með farsæld allra barna og grípa til viðeigandi aðgerða ef til staðar eru þarfir hjá barni eða fjölskyldu sem ekki er verið að mæta og styður þannig við 42. grein Barnasáttmálans.

Heimasíður stjórnvalda og opinberra stofnanna eru of oft skipulagðar út frá því hvernig stofnanirnar sjálfar starfa eða hafa skipt með sér verkum. Hugmyndin er að þessi nýja heimasíða verði skipulögð fyrst og fremst út frá þjónustunni sem verið er að veita en ekki verkaskiptingu stofnanna bæjarins.

Tímarammi/mælikvarði:

Að heimasíðan sé tilbúin til að fara í loftið um áramót 2023 - 24. Í kjölfarið verður tilvist hennar hluti af þeirri fræðsluáætlun sem stendur yfir vegna innleiðingar nýrra laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Fræðsluáætlunin er í mótun og mun ná til barna, foreldra og forráðamanna auk starfsmanna sem starfa með börnum og fjölskyldum í bæjarfélaginu. Mismunandi leiðir munu verða nýttar til að ná til ólíkra hópa.

Mögulegar áskoranir:

Heimasíðan verður að vera hluti af þeirri kynningu sem farið verður með út í stofnanir bæjarins og til barna og foreldra um samþættingu þjónustu þar sem markmiðin með gerð hennar ná ekki fram að ganga ef fáir vita af tilvist hennar.

Styður við heimsmarkmið:



10. Könnun á viðhorfum fatlaðra barna og foreldra þeirra til þjónustu sveitarfélagsins



Aðgerðin styður við 3., 6., 12. og 23. grein Barnasáttmálans þar sem aðgerðin snýr að því að draga fram sjónarmið barnanna þannig að ákvarðanir um þróun þjónustu við fötluð börn taki mið af því sem þeim er fyrir bestu og jafnframt að virðing sé borin fyrir skoðunum þeirra.

Markmið aðgerðar:

Að afla upplýsinga frá fötluðum börnum og fjölskyldum þeirra um viðhorf þeirra til þeirrar þjónustu sem þeim stendur til boða hjá velferðarsviði með það að markmiði að tryggja betur að stuðningurinn sé viðeigandi og mæti þörfum þeirra. Upplýsingaöflunin er einskiptis til að byrja með en ef hún reynist vel verður hún mögulega hluti af þeim þjónustukönnunum sem velferðarsvið gerir með reglubundnum hætti.

Tenging við stöðumat:

Tryggja þarf að sjónarmið fatlaðra barna varðandi þá mikilvægu stuðningsþjónustu sem þau fá hjá velferðarsviði fái að heyrast þannig að þjónustan sé löguð að þeirra aðstæðum og uppbygging úrræða sé í takt við þarfir þeirra. Verkefnið er framhald af aðgerð 3 í fyrstu aðgerðaáætlun þar sem samráð var haft við sérfræðihópinn fötluð börn en að nú sé rætt við fleiri og farið dýpra í að draga fram viðhorf þeirra og skoðanir.

Ábyrgð:

Deildarstjóri þjónustu- og ráðgjafardeildar fatlaðs fólks velferðarsviðs ber ábyrgð á verkefninu.

Lýsing:

Þjónusta til fatlaðra barna og fjölskyldna utan skólakerfisins er að miklu leyti á ábyrgð velferðarsviðs. Kveðið er á um ákveðin úrræði í lögum sem um þjónustuna gilda en sveitarfélögum er jafnframt gert kleift að útfæra þjónustuna með þeim hætti sem best hentar á hverjum stað. Það er afar mikilvægt að við mótun og framkvæmd þessarar þjónustu sé betur tryggt að sá stuðningur sem fötluðum börnum og fjölskyldum þeirra er veittur sé viðeigandi og mæti þörfum þeirra.

Velferðarsvið mun á árinu gera könnun meðal foreldra fatlaðra barna um hvernig úrræði eða þjónusta geti mætt mismunandi þörfum. Jafnframt verða leiðir fundnar til að draga fram viðhorf fatlaðra barna um hvernig stuðningur þeim þykir mikilvægur til dæmis með rýnihópasamtölum eða einstaklingsviðtölum. Gera skal áætlun um hvernig unnt sé að bregðast við þeim ábendingum sem fram koma.

Tímarammi/mælikvarði:

Að helstu niðurstöður liggi fyrir í lok árs 2023. Gera skal áætlun um hvernig unnt er að bregðast við ábendingum barnanna og skal hún liggja fyrir vorið 2024.

Mögulegar áskoranir:

Tryggja þarf að annríki í annarri starfsemi sviðsins tefji ekki að þessi mikilvæga vinna fari af stað. Vonandi verður ekki áskorun að fá börn og foreldra til að taka þátt í þessu verkefni.

Tengist heimsmarkmiði:



11. Umferðaröryggi barna



Þessi aðgerð styður við 3. grein Barnasáttmálans því þegar fullorðnir taka ákvarðanir eiga þeir að skoða hvaða áhrif ákvarðanirnar hafa á börn. Þá styður hún jafnframt við 12. Greinina þar sem haft er samráð við börn varðandi vinnu við umferðaröryggisáætlun.

Markmið aðgerðar:

Að bæta öryggi barna í umferðinni í samræmi við umferðaröryggisáætlun og aðgerðaráætlun Kópavogsbæjar um bætt umferðaröryggi og fækkun slysa og óhöppum í umferðinni.

Tenging við stöðumat:

Ástæða þessarar aðgerðar byggir ekki á því að tíðni slysa meðal barna sé há eða hækkandi heldur á því að bærinn vill enn frekar styrkja forvarnir þannig að börn (og fylgdaraðilar eftir því sem við á) geti verið örugg á leið sinni til og frá skóla, í frístund, félagsmiðstöðvar og tómstundir. Samkvæmt mælaborði barna hefur heldur dregið úr slysum á börnum í Kópavogi (enn er unnið í því að bæta skráninguna). Umferðaröryggisáætlun, sem unnin er hjá bænum, byggir meðal annars á gögnum sem fram koma við gerð samgöngustefnu. Í þeirri vinnu er haft samráð við börn í skólum bæjarins. Framkvæmd forvarnaráætlana skóla þar sem umferðarfræðsla fer fram í fyrstu bekkjum grunnskóla styður enn frekar við að reyna að tryggja öryggi barna.

Ábyrgð:

Ábyrgð aðgerðar er hjá gatnadeild umhverfissviðs.

Lýsing:

Farið verður í aðgerðir til að bæta umferðaröryggi barna. Þessar aðgerðir innihalda meðal annars að göngupveranir á gönguleiðum skólabarna til og frá skóla séu bættar og gerðar öruggari til að mynda með upphækkunum og betri lýsingu. Einnig skal fara í aðgerðir til að fá ökumenn til að virða hámarkshraða í öllum hverfum bæjarins. Auk þess sem hámarkshraði verði endurskoðaður og verði ekki hærri en 30 km/klst við skólana. Farið verður í endurbætur á aðgengi um undirgöng og þau gerð öruggari með bættri lýsingu.

Tímarammi/mælikvarði:

Vinna við umferðaröryggismál barna er viðvarandi verkefni hjá gatnadeild Kópavogsbæjar. Endurmat er unnið á hverju ári.

Mögulegar áskoranir:

Sumar breytingar á götakerfi sem eru til þess fallnar að auka öryggi gangandi vegfarenda hafa í för með sér að fórnar þurfi þægindum akandi vegfarenda að einhverju leiti. Slíkar breytingar geta stundum kveikt á gagnrýni akandi vegfarenda sem ekki sjá eða vilja ekki sjá tilganginn með breytingum.

Styður við heimsmarkmið:



12. Aukin þátttaka barna í skipulagsmálum



Þessi aðgerð styður við 12. og 13. grein Barnasáttmálans. Kópavogsbær er að leggja sig fram um að finna leiðir sem henta börnum til að taka þátt í skipulagsmálum, hlusta á þeirra skoðanir og virða þær.

Markmið aðgerðar:

Að skapa vettvang fyrir börn til að taka þátt í umræðu um deiliskipulag innan bæjarins. Auka vitneskju barna um skipulag og möguleika þeirra á að hafa áhrif á nærumhverfi sitt.

Tenging við stöðumat:

Samkvæmt svörun leiðbeinandi spurningalista getur Kópavogsbær bætt sig í að ráðfæra sig við börn þegar kemur að skipulagsmálum.

Árið 2022 vann skipulagsdeild að því að skapa þátttökuvettvang fyrir börn í skipulagsmálum í tengslum við nýtt deiliskipulag í Vatnsendahvarfi. Skipulagðar voru vinnustofur fyrir fulltrúa nemenda í Vatnsendaskóla og Hörðuvallaskóla. Á vinnustofunum var óskað eftir hugmyndum barna um útisvæði, tengingar og leiksvæði í nýju hverfi á Vatnsendahæð. Tekið er tillit til hugmynda barnanna sem fram komu á vinnustofunum við gerð nýs deiliskipulags.

Ábyrgð:

Skipulagsdeild á Umhverfissviði.

Lýsing:

Aðgerðin felur í sér að þegar gerðar eru umfangsmiklar breytingar á deiliskipulagi eða nýjar deiliskipulags áætlanir fyrir ný íbúðahverfi í Kópavogi verði leitast við að skapa vettvang fyrir börn að hafa áhrif á nærumhverfið sitt. Haldnir verða kynningafundir/vinnustofur í nálægum skólum. Næsta skipulagsverkefni fyrir íbúðasvæði er fyrir þróunarsvæði á Auðbrekku-Nýbýlavegi (ÞR2). Unnið verður með börnum við þróun svæðisins.

Í upphafi hvers skipulagsverkefnis er metið hvernig samráði skuli háttað og unnin skipulagslýsing sem er verkáætlun fyrir skipulagsverkefnið. Þar er aðferðafræði lýst og tekin ákvörðun um þáttökustig ólíkra hópa og hvernig unnið verður úr ábendingum. Stuðst er við handbók um íbúðasamráð hjá Sambandi íslenska sveitafélaga þar sem mismunandi þáttökustigi er lýst. Kjörnir fulltrúar samþykkja lýsinguna í upphafi skipulagsverkefnis.


Tímarammi/mælikvarði:

Gert er ráð fyrir að skipulagsvinna við ofangreint þróunarsvæði fari fram á árinu 2023. Gert er ráð fyrir að sú skipulagsvinna klárast á árinu. Verklag er undirbúið í upphafi hvers skipulagsverkefnis sem samþykkt er af kjörnum fulltrúum.

Mögulegar áskoranir:

Ferli skipulagsmála eru flókin og löng. Mikill fjöldi ábendinga og athugasemda berast í umdeildum skipulagsmálum sem hefur í för með sér talsverðar áskoranir sveitarfélagsins og tafir á framgangi.

Tengist heimsmarkmiði:



Mynd 1: Yfirlit yfir tengingu milli aðgerða og gagna í stöðumati.

Samantekt

Eins og við gerð fyrstu aðgerðaáætlunar vegna innleiðingar Barnasáttmála hjá Kópavogi tókst samstarf við vinnu þessarar aðgerðaáætlunar vel. Það náðist að samtvinna helstu niðurstöður í stöðumati við skipulag aðgerðaáætlana einstakra sviða þannig að öll svið bæjarins hafa tvær eða fleiri aðgerðir sem þau bera ábyrgð á. Þannig eru aðgerðirnar nú fjölbreyttar og spanna vítt svið.

Í aðgerðaáætluninni hefur verið leitast við að ná til sem breiðasta hóps barna;

- barna af erlendum uppruna svo sem með sérstakri hvatningu til tómstundabátttöku
- fatlaðra barna með því að hlusta enn betur eftir rödd þeirra og skoðunum varðandi þjónustu og stöðu fatlaðra barna
- forvarnarmál barna með vinnu við hverfisbundnar forvarnaráætlanir og sérstökum aðgerðum til að efla umferðaröryggi barna í bænum
- aukna þátttöku barna svo sem með sjálfsákvörðun um ráðstöfun fjár til að bæta skólaumhverfi sitt og með hinum árlegu skóla- og barnaþingum en líka sérstaklega varðandi skipulagsmál
- sérstaklega verður litið til þess að reyna að efla lestrarfærni yngstu barnanna til að búa þau betur undir þátttöku í menntun og samfélaginu
- loks verður sérstakt verkefni unnið er lítur að stafrænni borgaravitund þar sem lögð er áhersla á nýtingu á rafrænum miðlum á sama tíma og farið er yfir hvað beri að varast
- stærstu áskoranirnar verða væntanlega að koma fræðslupökkum Unicef í dreifingu en þó ekki síður að halda utan um þátttöku í þeim.

Öll svið bæjarins taka þátt í verkefninu og hafa verkefnin í sínum aðgerðaáætlunum þar sem þau leggja fram mannafla og fjármuni sem þarf til að ljúka verkefnunum.

Þessi aðgerðaáætlun nær fram í byrjunar ársins 2024 en stefnt er að endurnýjun viðurkenningar sem Barnvænt sveitarfélag í maí 2024.